

Umhverfis- og sjálfbærnistefna Heydals

Umhverfis- og sjálfbærnistefnan okkar skilgreinir helstu áherslur í umhverfismálum og sjálfbærni og endurspeglar viðleitni okkar að byggja upp ferðaþjónustu í sátt við náttúru, umhverfi og samfélag. Stefnan er tengd við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

SAMFÉLAG

Í Heydal starfa allt árið um 5 manns og yfir sumarið um 16 manns. Starfsmenn hafa búsetu á staðnum og samskipti eru mikil milli vinnuveitenda og starfsmanna. Morgunmatur, hádegisverður og kvöldverður eru sameiginlegir. Starfsmenn hafa aðgang að bíl og er því gert kleift að skoða sig um. Þau hafa einnig aðgang að hestum og kajökum sem þeim er heimilt að nýta að vild. Auk þess hafa starfsmenn frjálstan aðgang að sundlaug, heitum pottum og tómstundarými. Unnin hefur verið handbók sem skannar verkferla og öryggismál er lýta að starfi hvers og eins. Yfir sumartímamann er fundur á hverjum morgni með starfsfólki. Lögð er áhersla á vellíðan starfsmanna, góða liðsheild og að hver og einn hafi atkvæðarétt.

UMHVERFI

Um 2004 voru sett umhverfismarkmið þar sem áhersla var lögð á ferðaþjónustu í sátt við náttúru, umhverfi og samfélag.

1. **Endurnýting húsakostar.** Í byrjun nýttum við öll útihús og gripahús á staðnum og endurbyggðum á nýstárlegan hátt. Ein nýbygging var svo reist í stíl við gömlu hlöðuna. Gömul húsgögn voru gerð upp (sbr. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, nr. 9)
2. **Orka.** Við leggjum áherslu á að vera eins sjálfbær um orku og kostur er. Borað hefur verið eftir heitu vatni þrívægis sem nú er nýtt alfarið til húshitunar (gólfhitunar), í sturtur, heita potta, sundlaug, gróðurhús ofl. Beislun bæjarlæksins er í vinnslu. Fest hafa verið kaup á sólarrafhlöðum sem komið

verður fyrir á þaki nýrrar byggingar á svæðinu. Til að nýta orkuna sem best höfum við farið í að skipta út tvöföldu gleri þar sem gluggar eru stærstir í þrefalt gler. Öllum þerum hefur verið skipt út fyrir ledperur og við leggjum áherslu á að draga úr rafmagnsnotkun. Gestum er gefinn kostur á að afþakka herbergjaþjónustu, þvott á handklæðum o.s.frv. Komið hefur verið upp lítilli hleðslustöð og höfum við fest kaup á rafmagnsbíl (Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, nr 7).

3. **MATUR OG AÐFÖNG.** Boðið er upp á mat úr héraði eins og unnt er, þorskur er keyptur frá Ísafirði og lambakjöt frá Húsavík á Ströndum. Bjór er að hluta keyptur frá Ísafirði (Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, nr. 12). Við framleiðum okkar eigin fisk og grænmeti þar sem við ræktum, gulrætur, spergilkál, blómkál og salat. Í gömlu fjárhúsunum við sundlaugina ræktum við epli, kirsuber, plómur, jarðarber og vínber sem ásamt krækiberjum, bláberjum og sólberjum eru nýtt í eftirrétti og sultur. Ennfremur tínum við sveppi og myntu sem við þurrkum. Á matseðli okkar er alltaf nýveidd bleikja, einnig grafin og reykt. Við gerð matseðils er haft í huga að mat sé ekki sóað. Í innkaupum höfum við vistvænar vörur að leiðarljósi. Höfnum einnota plasti eins og unnt er.

AQUAPONIC. Komið hefur verið upp Aquaponic kerfi þar sem fiskeldi er tengt við gróðurhús. Þannig er volgt vatn úr bæjargilinu nýtt í bleikjueldi þar sem afrennslið frá eldinu er nýtt sem áburður fyrir grænmetisræktun. Gengið er þannig frá tækjum að ekki sé hætt á tjóni, lýti eða mengun fyrir umhverfið. Yfir sumartímann og fram á vetur erum við sjálfbær með salat. Bleikjan er nýtt á matseðilinn auk þess sem seldur verður fiskur, ferskur og reyktur.

4. **SKÓGRÆKT.** Frá árinu 1998 hafa verið gróðursettar um 120.000 trjáplöntur í samvinnu við Skjólskóga. Sú vinna er enn í gangi.
5. **FLOKKUN.** Flokkum plast og pappa sem einnig er nýttur til uppkveikju á reykofni og gufubaði. Lífrænn úrgangur fer í hunda og hænsni. Önnur efni eru flokkuð og skilað í endurvinnslu (Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, nr. 13 og 15)

6. **KALT VATN.** Kalt vatn kemur úr eigin vatnsbóli í hlíðinni fyrir ofan bæinn. Heilbrigðisstofnun Vestfjarða mælir það árlega (Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna nr.6)
7. **FRÁVEITA.** Þess er gætt að fráveitumálin hafi ekki áhrif á umhverfið (Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna nr.15)
8. **FRÆÐSLA.** Við leitum sífelld eftir frekari fræðslu um umhverfismál og sjálfbærni og upplýsum starfsfólk eftir þörf.